

**71** að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskirteinum, 19. júní hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið fé til ávöxtunar á innlánsskirteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—5000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*

**72**

19. júní

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum gufuskipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlzt hefir vélgæzluskirteini, á rétt til að vera undirvélstjóri á íslensku gufuskipi með 300 ha. vél (indiceret) og minni.

Skirteinið öðlast sá einn, er:

72

- a. hefir staðizt vélgæzlupróf eða vélstjórapróf í vélstjóraskóla Reykjavíkur.
- b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoðarmaður í vél eða vélstjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smíða þeirra eða vélstjóra, er hann hefir unnið með,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svivirðilegt telst að almenningsáliti.

Ráðherra setur reglugerð um, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttáð og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

## 2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvélstjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiceret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvélstjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Hið sama er um þá, er hafa verið vélstjórar með undanþágu á gufuskipum, ef þeir hafa staðizt próf í vélstjóraskólanum eða vélgæzludeild hans.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*